

Sp. 531. Tillaga til þingsályktunar [138. mál]

um innflutning læknabifreiða.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að hið bráðasta verði veitt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir bifreiðum, til að bæta úr brýnustu þörf starfandi lækna til endurnýjunar á bifreiðakosti þeirra, og að leggja fyrir fjárhagsráð að taka framvegis á innflutningsáætlun hvers árs hæfilega upphæð í þessu skyni.

Greinargerð.

Það orkar ekki tvímælis, að starfandi læknum er nauðsyn á því að hafa umráð yfir sæmilegum bifreiðum til þess að geta viljað sjúklinga og rækt störf sín yfirleitt. Mjög mikið vantar á, að svo sé nú. Yfir 20 af bifreiðum starfandi lækna hér í Reykjavík eru nú orðnar meir en 8 ára gamlar, og nokkrir læknar hafa engan bíl til umráða. Verður lækniskostnaður af þessum sökum stórum meiri en ella, auk margvíslegra óþæginda og erfiðleika, sem af þessu stafa. Bréf Læknafélags Reykjavíkur og Sjúkrasamlags Reykjavíkur um þetta efni eru prentuð hér á eftir sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

LÆKNAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 9. marz 1950.

Hr. forstjóri og alþingismaður Haraldur Guðmundsson.

Þegar samningar stóðu yfir milli Læknafélags Reykjavíkur og Sjúkrasamlags Reykjavíkur í vetur og virtist ætla að stranda á bilamálum lækna, gerðuð þér, hr. forstjóri, Læknafélagi Rvk. kost á því, að þér flyttuð þingsályktunartillögu um læknabifreiðarnar á Alþingi því, er nú situr.

Að fengnu þessu vinsamlega boði yðar, safnaði stjórn L. R. skýrslum um aldur og ástand læknabifreiða og vann úr þeim. Fylgir nú hér með nokkur greinargerð um afskipti L. R. af þessum málum og um þörf lækna fyrir bíla.

Á þessu stigi málsins verða ekki nefndar tölur um fjölda þeirra bíla, er læknar þurfa, heldur aðeins bornar fram óskir um, að Alþingi skori á hlutaðeigandi inn-

flutningsyfírvöld að ráða fram úr þessu máli í samráði við stjórn L. R., áður en frekari vandræði hljóttast af en orðin eru.

F. h. stjórnar L. R.

Ólafur Geirsson
p. t. ritari.

Greinargerð um bifreiðapörf lækna.

Þegar í ársbyrjun 1947, og raunar fyrr, var allmjög farið að bera á erfiðleikum hjá læknum við öflun nýrra bifreiða og viðhald þeirra, er fyrir voru. Fól þá Læknafélag Reykjavíkur (L. R.) stjórn sinni að leita til þáv. viðskiptaráðs um útvegum bíla.

Í bréfi, sem stjórn L. R. skrifaði viðskiptaráði þ. 12% 1947, segir m. a.: „Á því er enginn vafi, að læknar í Reykjavík geta ekki gegnt starfi sínu án þess að hafa ráð yfir traustum og gangvissum farkosti, sem hægt er að treysta í öllum veðrum og færð allan ársins hring. Læknar bæjarins þurfa ekki einasta að fara um malbikaðar götur miðbæjarins, heldur nær starfsemi þeirra austur á Selás og Blesagróf, suður á Digra-nesháls og vestur á Seltjarnarnes. Í úthverfum bæjarins er oft erfið færð vegna bleytu og snjóá, þó vel fært sé í miðbænum og á vegun, sem mikil umferð er um.“

Hér má skjóta því inn, að innan vébanda L. R. eru allir þeir læknar, sem gegna lækniþjónustu á svæðinu frá botni Hvalfjarðar og suður eftir vestan Hellisheiðar, svo langt sem Gullbringu- og Kjósarsýsla nær, en allir læknar, sem starfa fyrir Sjúkrasamlag Reykjavíkur, eru jafnframt samningsbundnir að gegna sjúkrasamlagsstörfum fyrir Seltjarnarnes- og Kópavogshrepp.

Í fyrrnefndu bréfi segir enn fremur: „Störf lækna eru með ýmsu móti, sjúkra- vitjanir, vinna á lækningastofu, vinna í sjúkrahúsum, embættisferðir, t. d. skóla- lækna, og gegna margir læknar öllu þessu jöfnum höndum. Lætur þá að líkum, að ekki þarf mikla töf til þess að raska dagsverkinu, ekki sít þegar sjúkhætt er, en svo er að jafnaði á þeim tíma, sem allra veðra er von og færð er þyngst.

Því er svo varið, að læknar hafa hvorki tíma né tækifæri til þess að hirða bíla sína eins vel og þarf til þess að gera endingu þeirra sem bezta, né heldur þá þekkingu, sem bifvélavirkjar og atvinnubílstjórar hafa til þess að verða strax varir við smábílanir og galla, sem ekki koma að verulegri sök, sé tekið fyrir þá í tíma. Af þessu leiðir, að notatími lækna af bílum sínum er skemmri en flestra, ef ekki allra annarra, sem aka í atvinnuskyni ...“

Þar eð ekkert raknaði úr um útvegum lækna bíla á vegum félagsins, ritaði stjórn L. R. fjárhagsráði eftirfarandi bréf þann 28. apríl 1948: „Hinn 12. febrúar 1947 skrifaði L. R. viðskiptaráði bréf, þar sem sýnt var fram á, hversu bílar lækna væru úr sér gengnir, en þeim hins vegar brýn nauðsyn á traustum farartækjum. Jafnframt bauðst stjórn L. R. til að vera leiðbeinandi um réttláta úthlutun bílanna, enn fremur tjáði hún sig fúsa til að skuldbinda lækna til að farga ekki bílum innan fjögurra ára og afhenda eldri bíla til ráðstöfunar, ef viðskiptaráð óskaði eftir því.

Viðskiptaráð svaraði þessari málaleitun með bréfi dags. 10% 1947 á eftirfarandi hátt: „... Að svo stöddu verða engin leyfi veitt fyrir innflutningi bifreiða. Ef hins vegar yrði breyting á þessu, telur viðskiptaráð eðlilegt, að samráð verði haft við Læknafélag Reykjavíkur af þeim aðilum, er annast mundu slíka úthlutun.“

Síðan þessi bréfaskipti fóru fram, hafa aðeins tveir læknar fengið leyfi fyrir bílum og án þess að stjórn L. R. hefði þar íhlutun um. Það segir sig sjálf, að bílar lækna eru nú almennt meira en ári eldri og ástand þeirra nú orðið óviðunandi.

Næst gerðist það í þessu máli, að stjórn L. R. átti tal við fjárhagsráð, í byrjun marz s. l., en það sá sér þá ekki fært að gefa nein ákveðin svör.

Stjórn L. R. væntir þess fastlega, að háttvirt fjárhagsráð sjái sér að þessu sinni fært að finna ákveðinn grundvöll til skipulagningar og úrlausnar þessu máli.“

Þessu bréfi var aldrei svarað, en síðan hefur stjórn L. R. bæði átt viðtöl við fjárhagsráð og sent því bréflaga greinargerð um aldur og ástand lækna bifreiða. Einnig

átti stjórn L. R. tal við viðskiptamálaráðherra í lok júlímán. 1949. Er það skemmt af að segja, að félagið hefur enga úrlausn fengið um þessi mál, þrátt fyrir yfirlýstan velvilja þessara aðila.

Meðan á öllu þessu úrræðaleysi hefur staðið, hafa bifreiðar lækna að sjálfsögðu enn elzt og gengið æ meira úr sér.

Fer hér á eftir skrá um aldur læknabifreiða í janúarbyrjun 1950:

Amerískir bílar:

| | | |
|--------|-------|---------|
| 15 ára | | 1 |
| 14 — | | 1 |
| 9 — | | 2 |
| 8 — | | 17 |
| 4 — | | 6 |
| 3 — | | 8 |
| 2 — | | 5 |
| 1 — | | 1 |
| | | Alls 41 |

Enskir bílar eða franskir (flest smábílar):

| | | |
|---------------|-------|---------|
| 5 ára | | 5 |
| 4 — | | 16 |
| 3 — | | 7 |
| yngrri en 2 — | | 2 |
| | | Alls 30 |

Af amerískum bílum er því 21 orðinn 8 ára eða eldri, og af enskum bílum er 21 orðinn 4 ára eða eldri, og a. m. k. í notkun lækna eru þeir yfirleitt orðnir mjög lélegir og ná ekki lengur þeim tilgangi, sem ætla verður læknabifreiðum.

Af skýrslum lækna til stjórnar L. R. um reksturskostnað á s. l. ári má sjá, að allmargir bílar þeirra kosta yfir 10000 kr. í rekstri um árið og allt upp í 26 þúsund krónur. Dæmi eru til þess, að læknar hafi orðið að kaupa sér bíla á innlendum markaði fyrir allt upp í 70 þús. krónur.

Það þarf því engan að undra, þótt þessir kostnaðarliðir séu farnir að hafa áhrif á samninga lækna við sjúkrasamlög og Tryggingastofnun ríkisins, og er þess skemmt að minnst, að nærri lá, að slíkir samningar við S. R. strönduðu með öllu um síðastliðin áramót. Þessa mun þó gæta í enn ríkara mæli á yfirstandandi ári, ef ekki fæst skjót úrlausn í bílamálum lækna.

Í byrjun þessa árs áttu 16 læknar í L. R. engan bíl, 13 þessara lækna gegna sjúkrasamlagsstörfum í Reykjavík og nágrenni.

Einhverjir kynnu að segja, að nóg sé af stöðvarbílum og varla nægileg atvinna hjá þeim, svo að læknar geti leigt sér stöðvarbíla. Það neyðast bíllausir læknar stundum til að gera, og eins þeir, sem iðulega eiga ónýta bíla sína í viðgerð. Hins vegar má á það benda, að notkun stöðvarbíla er stundum dýrari en læknishjónustan, og þegar verst gegnir um veður og færð, eru þeir ófánlegir, en eigi undanþiggur það lækninn gegningarskyldu sinni, ef þörf krefur.

Þegar L. R. ritaði fjárhagsráði 1948, var sagt, að ástand læknabifreiða væri „orðið óviðunandi“, og voru það engar ýkjur. Hvað mundi þá nú, er einar tveir nýjar bifreiðar hafa fallið í hlut lækna árið 1949 (sbr. áðurgreinda aldurstöflu), enda má nú segja, að mál þetta sé að verða hneykslismál, bæði frá menningar og mannúðar sjónarmiði, og má fyllrða, að heilbrigðismálum Reykjavíkur og nágrennis stafar nú þegar nokkur hættu af þessu ástandi, er svo ber undir. Það er og auðskilið mál, að hinn mikli skortur sjúkrahúsa hér í bæ gerir ástand þetta enn verra, þar eð af því leiðir, að fleiri þungt veika sjúklinga þarf að stunda á heimilum þeirra.

Í nálægum menningarlöndum hefur forgangsréttur lækna til bifreiða verið skilyrðislaus og ekki síður komið til greina á erfiðum tímum, er mjög þurfti að takmarka innflutning á bifreiðum og benzíni.

Virðingarfyllt.

F. h. stjórnar Læknafélags Reykjavíkur.

Ólafur Geirsson
p. t. ritari.

Fylgiskjal II.

SJÚKRASAMLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 30. marz 1950.

Hr. forstj. Haraldur Guðmundsson, alþm., Hávallag. 33, R.

Vér höfum séð bréf Læknafélags Reykjavíkur til yðar, dags. 9. þ. m., ásamt meðfylgjandi greinargerð um bifreiðabörf lækna.

Vér þurfum litlu að bæta við þau rök, sem fram koma í greinargerðinni, en viljum lýsa því yfir sem skoðun vorri, að bílakostur lækna sem heild sé gersamlega óviðunandi og hafi verið það lengi. Hafa mál þess oft verið til umræðu hjá samlagsstjórninni síðustu árin, og hefur samlagið, ásamt Tryggingastofnuninni, reynt að styðja tilraunir lækna til að fá bætt úr því vandræðaástandi, sem hér er um að ræða. Er það ljóst, að hér fara saman hagsmunir samlagsins og læknanna, því að auk þess, sem bílavandræðin gera hið erfiða starf læknanna enn þá erfiðara, þá gera þau það einnig miklum mun dýrara en vera þyrfti, ef vel væri fyrir þessum málum séð. Hefur þetta valdið miklum erfiðleikum síðustu árin í samningum vorum við lækna, enda leit svo út um s. l. áramót, að samningar mundu beinlínis stranda af þessum sökum. En þó að betur tækist til en á horfðist, meðal annars af því, að þér léðu máls á því á fundi, sem þér sátuð með samninganefndum Sjúkrasamlags Reykjavíkur og Læknafélags Reykjavíkur, að flytja málið á þingi, þá er það víst, að vér urðum að sæta mun verri kjörum vegna ástandsins í bílamálunum, og eins hitt, að samningsaðstaða vor næst þegar semja þarf verður margfalt verri, ef ekki fást verulegar úrbætur.

Á hinn bóginn viljum vér geta þess, sem yður að vísu er kunnugt, að samningamenn Læknafélags Reykjavíkur gáfu oss fyrirheit um niðurfellingu svonefnds „fjarlægðargjalds“, ef veruleg úrlausn fengist um innflutning á bílum. Gjald þetta, — 50% hækkun á fastagjaldi fyrir stundun sjúklinga í úthverfum — höfum vér lagt mikla áherzlu á að fá afdnumið og teljum það mjög þýðingarmikið fyrir samlagið, þar sem nærri allur vöxtur bæjarins hefur hin síðari ár orðið og verður fyrrsjáanlega framvegis á þeim svæðum, sem gjald þetta tekur til.

Vér viljum eindregið taka undir það, að starfandi læknar eigi skilyrðislaust að hafa forgang um innflutning bíla, og væntum þess, að þér gerið yðar ýtrasta til að fá viðunandi lausn málsins samþykkt á þingi.

Virðingarfyllt,

Sjúkrasamlag Reykjavíkur

Gunnar J. Möller.